REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1100/2008 **2014/EES/36/52**

frá 22. október 2008

um afnám eftirlits með flutningum á vegum og skipgengum vatnaleiðum sem fram fer á landamærum aðildarríkjanna

(Kerfisbundin útgáfa) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 71. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89 frá 21. desember 1989 um afnám eftirlits á landamærum aðildarríkjanna vegna flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum ([3]) hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda reglugerðina.

2) Frelsi til að veita þjónustu á sviði flutninga er mikilvægur þáttur í sameiginlegri stefnu í flutningamálum samkvæmt sáttmálanum. Af þessum sökum er markmið þeirrar stefnu að liðka fyrir flæði umferðar hinna ýmsu flutningatækja í Bandalaginu.

3) Samkvæmt núgildandi löggjöf Bandalagsins og landslögum á sviði flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum framkvæma aðildarríkin athuganir, skoðanir og sannprófanir á því hvort ökutæki og skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum uppfylli tæknileg atriði, leyfi og önnur skjöl. Að jafnaði er réttmætt að halda þessum athugunum, sannprófunum og skoðunum áfram til að komast hjá röskun á skipulagningu flutningsmarkaðarins og til að tryggja öryggi á vegum og skipgengum vatnaleiðum.

4) Samkvæmt núgildandi löggjöf Bandalagsins er aðildarríkjum heimilt að skipuleggja og framkvæma fyrrnefndar athuganir, sannprófanir og skoðanir hvar sem þeim sýnist.

5) Heimilt er að framkvæma slíkar athuganir, sannprófanir og skoðanir af sömu skilvirkni hvar sem er á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis og því skal ekki nota ferðir yfir landamæri sem átyllu fyrir slíkum aðgerðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þessi reglugerð gildir um eftirlit aðildarríkja samkvæmt lögum Bandalagsins eða landslögum á sviði flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum sem fara fram með flutningatækjum sem eru skráð eða tekin í notkun í aðildarríki.

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „landamæri“: annaðhvort innri landamæri innan Bandalagsins eða ytri landamæri þar sem flutningar milli aðildarríkja fela í sér að farið er um þriðja land,

b) „eftirlit“: hvers konar athugun, skoðun, sannprófun eða formsatriði sem landsbundin yfirvöld viðhafa á landamærum aðildarríkja og fela í sér stöðvun eða hindrun frjálsrar umferðar hlutaðeigandi ökutækja eða skipa.

3. gr.

Eftirlitið, sem um getur í I. viðauka og fram fer samkvæmt lögum Bandalagsins eða landslögum á sviði flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum milli aðildarríkja, skal ekki lengur framkvæmt sem landamæraeftirlit heldur einvörðungu sem hluti af eðlilegri eftirlitsaðgerð sem beitt er án mismununar hvarvetna á yfirráðasvæði aðildarríkis.

4. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, ef og þegar nauðsyn krefur, leggja til breytingar á I. viðauka þar sem tekið er tillit til tækniþróunar á því sviði sem reglugerðin tekur til.

5. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 4060/89, eins og henni var breytt með reglugerðinni sem skráð er í II. viðauka, er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 28.5.2009, bls. 24.

([1]) Stjtíð. ESB C 324, 30.12.2006, bls. 47.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 14. desember 2006 (Stjtíð. ESB C 317 E, 23.12.2006, bls. 599) og ákvörðun ráðsins frá 15. september 2008.

([3]) Stjtíð. EB L 390, 30.12.1989, bls. 18.

([4]) Sjá II. viðauka.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 22. október 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J.-P. JOUYET
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

1. HLUTI

LÖG BANDALAGSINS

1. þáttur

Tilskipanir

a) Ákvæði 4. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu ([1]), þar sem kveðið er á um að heimilt sé að framkvæma slembiathuganir, að því er varðar sameiginlega staðla um þyngd, og að einungis megi framkvæma athuganir, að því er varðar sameiginlega staðla um stærðarmál, ef grunur leikur á um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum.

b) Ákvæði 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 96/96/EB frá 20. desember 1996 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ([2]), þar sem kveðið er á um að hvert aðildarríki skuli viðurkenna sönnun sem gefin hefur verið út í öðru aðildarríki og sýnir fram á að ökutæki hafi staðist prófun á aksturshæfni. Slík viðurkenning gefur til kynna að sannprófun yfirvalda í hverju aðildarríki geti farið fram hvar sem er innan yfirráðasvæða þeirra.

c) Ákvæði 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/1/EB frá 18. janúar 2006 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum ([3]), þar sem mælt er fyrir um að lögð skuli fram sönnun þess efnis að farið sé að tilskipuninni með því að framvísa nokkrum skjölum, sem verða að vera um borð í hinu leigða ökutæki, þ.m.t. leigusamningur og ráðningarsamningur ökumanns.

d) Ákvæði 3., 4. og 5. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 76/135/EBE frá 20. janúar 1976 um gagnkvæma viðurkenningu á siglingaskírteinum skipa á skipgengum vatnaleiðum ([4]), þar sem kveðið er á um að framvísa beri siglingaskírteinum, vottorðum eða leyfum þegar landsbundin yfirvöld fara fram á það.

e) Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar ráðsins 82/714/EBE frá 4. október 1982 um tæknilegar kröfur vegna skipa á skipgengum vatnaleiðum ([5]), þar sem kveðið er á um að aðildarríkjunum sé heimilt að athuga, hvenær sem er, hvort skip hafi gilt skírteini samkvæmt skilmálum tilskipunarinnar.

2. þáttur

Reglugerðir

a) Ákvæði 14. og 15. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum ([6]), þar sem viðurkenndur eftirlitsmaður hefur rétt til að sannprófa og hafa eftirlit með farseðli, leyfi eða eftirlitsskjali sem kveðið er á um í reglugerðinni.

b) Ákvæði 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum ([7]), þar sem aðildarríkin hafa rétt til að samþykkja ráðstafanir sem taka m.a. til skipulagningar, aðferða og úrræða til að starfrækja eftirlitskerfi til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðarinnar.

c) Ákvæði 19. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ([8]) þar sem aðildarríkin hafa rétt til að samþykkja ráðstafanir sem taka m.a. til skipulagningar, aðferða og úrræða til að athuga hvort búnaðurinn uppfylli ákvæði reglugerðarinnar.

([1]) Stjtíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59.
([2]) Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 82.
([4]) Stjtíð. EB L 21, 29.1.1976, bls. 10.
([5]) Stjtíð. EB L 301, 28.10.1982, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 74, 20.3.1992, bls. 1.
([7]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.
([8]) Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

d) Ákvæði 4. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992 um aðgang að vöruflutningamarkaðinum á vegum innan Bandalagsins til eða frá yfirráðasvæði aðildarríkis eða um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja ([1]), þar sem kveðið er á um að staðfest eintak af heimild Bandalagsins skuli geymt í ökutækinu og því framvísað þegar viðurkenndur eftirlitsmaður óskar eftir því.

2. HLUTI

Landslög

a) Eftirlit með ökuskírteinum einstaklinga sem aka ökutækjum sem flytja vörur og fólk.

b) Eftirlit í tengslum við flutningatæki, sem eru notuð til að flytja hættulegan farm, einkum:

i. skjöl:

— vottorð um þjálfun ökumanns,

— öryggisleiðbeiningar,

— viðurkenningarvottorð (Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR-samningurinn) eða sambærilegir staðlar),

— afrit af undanþágu, ef við á, (ADR-samningurinn eða sambærilegir staðlar),

ii. auðkenning ökutækis sem flytur hættulegan farm:

— appelsínugult hættuskilti,

— í samræmi við fyrirmæli,

— staðsetning á ökutæki,

— hættumerki á ökutæki,

— í samræmi við fyrirmæli,

— staðsetning á ökutæki,

— auðkenniplata tanks (fyrir tanka, sem eru fastir, tanka, sem hægt er að losa, eða tankgáma),

— tilvist og læsileiki plötunnar,

— dagsetning síðustu skoðunar,

— stimpill skoðunaraðila,

iii. búnaður ökutækis (ADR-samningurinn eða sambærilegir staðlar),

— viðbótarslökkvitæki,

— sérstakur búnaður,

iv. hleðsla ökutækis,

— ofhleðsla (samkvæmt rúmtaki tanks),

— öryggi pakkninga,

— bann við farmblöndun.

([1]) Stjtíð. EB L 95, 9.4.1992, bls. 1.

c) Eftirlit með flutningatækjum sem eru notuð til að flytja matvæli sem eru viðkvæm fyrir skemmdum, einkum:

i. skjöl:

— samræmisskírteini fyrir búnað,

ii. sérstakur búnaður sem er notaður til að flytja matvæli sem eru viðkvæm fyrir skemmdum,

— plata sem sýnir að farið sé að tilskildum ákvæðum,

— auðkennismerki,

iii. notkun á sérstökum búnaði

— hitaskilyrði.

II. VIÐAUKI

NIÐURFELLD REGLUGERÐ ÁSAMT BREYTINGUM

(sem um getur í 5. gr.)

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89	Stjtíð. EB L 390, 30.12.1989, bls. 18.
Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3356/91	Stjtíð. EB L 318, 20.11.1991, bls. 1.

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EBE) nr. 4060/89	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
3. gr. a	4. gr.
4. gr.	6. gr.
—	5. gr.
a-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	a-liður 1. þáttar 1. hluta I. viðauka
b-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	b-liður 1. þáttar 1. hluta I. viðauka
c-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	c-liður 1. þáttar 1. hluta I. viðauka
d-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	—
e-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	d-liður 1. þáttar 1. hluta I. viðauka
f-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	e-liður 1. þáttar 1. hluta I. viðauka
a-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	a-liður 2. þáttar 1. hluta I. viðauka
b-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	—
c-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	—
d-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	b-liður 2. þáttar 1. hluta I. viðauka
e-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	c-liður 2. þáttar 1. hluta I. viðauka
f-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	d-liður 2. þáttar 1. hluta I. viðauka
2. hluti viðaukans	2. hluti I. viðauka
—	II. viðauki
—	III. viðauki